



Kópavogsbær

**MEKÓ**  
MENNING Í KÓPAVOGI

Útgefið  
21. janúar 2025



LJÓÐSTAFUR  
JÓNS ÚR VÖR  
2025

# Ljóðstafur Jóns úr Vör

Árið 2001 var stofnað til ljóðasamkeppni á vegum Lista- og menningarráðs Kópavogs og Ritlistarhóps Kópavogs, sem hlaut nafnið Ljóðstafur Jóns úr Vör, í minningu skáldsins sem lést 4. mars 2000.

Jón fæddist á Vatneyri við Patreksfjörð 21. janúar 1917 en starfaði lengst af í Kópavogi þar sem hann var hvatamaður að stofnun bókasafnsins og síðar fyrsti bæjarbókavörður bæjarfélagsins. Jón starfaði að menningarmálum með ýmsum hætti, var til dæmis bæði bóksali og ritstjóri, en fyrst og fremst var hann brautryðjandi í íslenskri ljóðagerð.

Ljóðstafur Jóns úr Vör er veittur að lokinni samkeppni þar sem öllum er frjálst að senda inn frumsamin ljóð á íslensku, og undir dulnefni. Hér takast því á reyndari skáld og þau yngri í jöfnum leik.

Veitt eru peningaverðlaun og verðlaunaskáldið fær til varðveislu í eitt ár silfurskreyttan göngustaf, sem var í eigu Jóns úr Vör. Á stafinn er festur skjöldur með nafni verðlaunahafa ásamt ártali. Árið 2011 var Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs sett á laggirnar, haldin í tengslum við Ljóðstaf Jóns úr Vör.

Markmiðið með grunnskólakeppninni er að efla áhuga barna og ungmenna á ljóðagerð en öll grunnskólabörn í Kópavogi geta tekið þátt.

Dómnefnd, skipuð fagfólki á sviði bókmennta, fer yfir innsend ljóð beggja flokka. Verðlaun hafa ávallt verið veitt við hátíðlega athöfn á fæðingardegi Jóns úr Vör, 21. janúar ár hvert.

Dómnefnd Ljóðstafa Jóns úr Vör 2025:  
Guðrún Hannesdóttir  
Þórdís Helgadóttir (formaður)  
Þórður Sævar Jónsson

# Eftirfarandi hafa hlotið Ljóðstaf Jóns úr Vör

2025

Anna Rós Árnadóttir: Skeljar

2024

Vala Hauksdóttir: Verk að finna

2023

Sunna Dís Másdóttir: Á eftir þegar þú ert búin að deyja

2022

Brynja Hjálmsdóttir: Þegar dagar aldrei dagar aldrei

2021

Þórdís Helgadóttir: Fasaskipti

2020

Björk Þorgrímsdóttir: Augasteinn

2019

Brynjólfur Þorsteinsson: Gormánuður

2018

Sindri Freysson: Kínversk stúlka les uppi á jökli

2017

Ásta Fanney Sigurðardóttir: Silkileið nr. 17

2016

Dagur Hjartarson: Haustlægð

2015

Ljóðstafur ekki veittur

2014

Anton Helgi Jónsson: Horfurnar um miðja vikuna

2013

Magnús Sigurðsson: Tunglsljós: In memoriam

2012

Hallfríður J. Ragnheiðardóttir: Triptych

2011

Steinunn Helgadóttir: Kaf

2010

Gerður Kristný: Strandir

2009

Anton Helgi Jónsson: Einsöngur án undirleiks

2008

Jónína Leósdóttir: Miðbæjarmynd

2007

Guðrún Hannesdóttir: Offors

2006

Óskar Árni Óskarsson: Í bláu myrkri

2005

Linda Vilhjámsdóttir: Niður

2004

Hjörtur Marteinnsson: Hvorki hér né ...

2003

Ljóðstafur ekki veittur

2002

Hjörtur Pálsson: Nótt frá Svignaskarði



## SKELJAR

öll hús  
eru hús við sjóinn  
ef maður bara fylgir lögnunum  
nógu langt eftir

stundum  
þegar hún krýpur á  
köldum flísunum  
finnst henni hún heyra  
daufan óm af  
fuglagargi  
upp úr klósettskálinni

og þá hugsar hún um söguna  
af sjómanninum  
sem var spáð sjódaða  
og hætti að róa út  
hvernig hann flutti  
eins langt inn í land  
og hann komst  
hætti að borða sjávarfang  
varð tortrygginn  
út í hvern einasta  
vota stein  
sem varð á vegi hans  
í mörg ár

þangað til einn daginn  
að hann sofnaði á verðinum  
bauð tveimur skipbrotsmönnum gistingu

hún hugsar um sjóstakkana þeirra  
hvernig þeir hengdu þá upp  
og hvernig það draup af þeim  
á forstofugólfið  
yfir nóttina

um hreyfingarlaust  
andlit mannsins í pollinum  
í dögum

að lifa  
er að sofna á verðinum

að deyja  
er að sofna á verðinum

eins og járnsmiður  
hugsar hún  
sem gerir vettvangsrannsóknir  
á skósólum

eins og konu  
sem er spáð sjódaða  
en flytur samt  
inn í hús  
þakið skeljum

Anna Rós Árnadóttir

LJÓÐSTAFUR  
JÓNS ÚR VÖR 2025

## JAPANSKIR MORGNAR

Ég er eins og eiginkona sjómannsins,  
sú sem fékk kolkrabbann í heimsókn,  
á mynd eftir Hókusæ.

Ekki man ég svipbrigði hennar  
og sé ekki heldur mín eigin þessa stundina  
en þykist vita að við brosum bæði út að eyrum.

Í bakgrunni spila hæglátar, málaðar postulínsbrúður  
á framandi hljóðfæri.

Einungis þunnur veggur úr bambusviði  
aðskilur okkur og allt hitt  
sem þarf víst líka að eiga sér stað.

Ragnar H. Blöndal

2. VERÐLAUN

## AÐRAR LENDUR

handan við hringinn sem þú hefur gengið rangsælis og réttsælis nótt og dag  
þér til húðar

þar eru aðrar lendur  
gerðar úr jarðvegi sem henta betur fræinu í krepptum lófa þínum

hættu að hnita og skáskjóttu þér úr iðunni

sjáðu  
það eru reykmerki á bláum himni  
grænir tíglar að feta sig eftir  
gustur eins og lófi á bak þitt

það er autt sæti við varðeldinn

þín er vænst

Kari Ósk Grétudóttir

3. VERÐLAUN

## AUKALEIKARI GREINIR HLUTVERK SITT

hlutverkið er þögult  
hann stendur í gættinni  
ljóskastarinn varpar skuggamynd á þilin  
snýr baki í salinn  
horfir yfir öxl  
hægri vangi veit að áhorfendum  
nákvæmlega svona á hann að standa  
svo ílangur skugginn nái langt inn á sviðið  
leikstjórinn skipar í þessa stellingu  
útskýrir hana ekki  
á frumsýningu heyrðust niðurbæld andköf úr sal  
þegar skjannabirtan flæddi um dyrnar  
þá rann upp fyrir honum ljós  
þetta var inntak verksins  
þessi skuggi sem gerði innrás í rýmið  
eins og rýtingur  
var fyrirboði  
boðaði háskann  
sem hríslaðist orðlaus  
um salinn

Jón Hjartarson

## DRAUMUR UM ÞÓRBERG

Ef ég hefði verið viðstaddur  
dánarbeið Bergs frá Hala,  
hefði ég rétt honum litla glerskál  
fulla af morgundögg, og sagt:  
„Taktu þessa glerskál með þér  
yfir í sumarlandið Bergur minn,  
og vökvaðu þar blómin, sálmana,  
sendibréfin og Müllers-æfingarnar  
með þessum daggardropum“.

Og ef hann ætti heimangengt og  
gæti verið viðstaddur þá stund,  
þá myndi ég nefna við hann eitt  
smáatriði, nefnilega að hann þurfi ekki  
að skila skálinni  
því fornleifafræðingar myndu hvort eð er finna hana  
eftir ótal aldir og segja:  
„Nei sko, hér er hundalgeng glerskál frá  
20. öld, líklega þýsk fjöldaframleiðsla“.

„Thorberg mem estis tie dum la vojajo!  
Gis revito!<sup>1</sup>

Baldur Garðarsson

<sup>1</sup>Lauslega þýtt úr esperanto: Þarna var sjálfur Þórbergur á ferðinni í draumnum!  
Bæ, bæ, við sjáumst síðar!

## SPEKI TÍMAVILLINGA

Tattú er tímastimpill  
þetta vitum við  
tímaflakkarar  
og fáum okkur  
ekki tattú

Að sama skapi  
vil ég ekki  
láta brenna mig  
ég vil ganga  
að beinunum mínum  
vísun  
kjósi ég  
að ganga  
aftur

Bjargey Ólafsdóttir

## SVERÐGLEYPÍR

hann hefur rispað sig á nögl  
eða nagla  
eða silfurrýtingi

sem mér tókst ekki að leyna  
í kokinu  
sveipa silkinu

bleikfölnur stilkur  
skáhallt niður úr baugnum

biðuolla sem  
hallast undan vindi  
og bíður þess að blása  
burt

Sunna Dís Másdóttir

## SVIPTING

Hve djúpvitur  
þín smáu andvana augu  
hve litsterkur goggur  
sem gaf frá sér gráleitt garg  
hve sárt er að farga  
svo víðflognum vængjum

samt hegg ég á lappir  
í eggina koma skörð  
risti rauf á ham  
sem svarar holu hljóði  
losa kjöt úr viðjum húða og himna  
með köldum fingrum

þræði fuglavit  
með görnum  
set upp kórónu  
úr fjöðrum  
brýtt tennur  
á höglum

við höfum meyrnað

Vala Hauksdóttir





# LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLA KÓPAVOGS



## HUGLEIÐSLULJÓÐ

Þú liggur í grasi,  
döggin á blöðunum lekur í andlitið á þér.  
Þú sest upp og horfir á blómin og grasið  
það er yndislegt,  
þú labbar og kemur auga á rólu í tré  
Þú klifrar upp og losar róluna  
Þú sveiflar þér í rólunni og finnur vindinn  
strjúka hárið á þér.  
Þú vaknar í rúminu þínu.

Jóhanna Katla Kristjánsdóttir  
6. bekk, Kársnesskóla

1. VERÐLAUN



## VEÐRIÐ (HÆKA)

Nýr fellibylur  
svífur framhjá Flórída,  
margir í hættu.

Friðrik Bjarki Sigurðsson  
6. bekk, Salaskóla

2. VERÐLAUN

## HRÍÐIN

Kuldinn er óbærilegur  
Ég heyri ekki neitt.  
Ég veit að ég held í hönd bróður míns  
En ég sé hann ekki.

Ég finn hönd hans renna mér úr greipum  
Ég missi takið.  
Mér finnst ég hafa verið hér í marga klukkutíma  
Svo verður allt svart.

Kristjana Lillý Pétursdóttir  
10. bekk, Lindaskóla

3. VERÐLAUN

## ANDHEITIÐ

Þegar fuglarnir standa  
Þá sit ég.  
Þegar fuglarnir sitja  
Þá stend ég.

Þegar fuglarnir syngja  
Þá þegi ég.  
Þegar fuglarnir þegja  
Þá syng ég.

Þegar fuglarnir hlaupa  
Þá labba ég.  
Þegar fuglarnir labba  
Þá hleyp ég.

Máni Bergmann Sigfússon  
8. bekk, Lindaskóla

## DAFNANDI STJÖRNUR

Stjörnurnar skína skært hátt uppi á himni,  
þær eru alls staðar úti í uppheimi og geimi.  
Þær lýsa eins skært og orkugeimir.  
Allar sitja þær uppi í 10 milljarða ára,  
bíðandi eftir tímanum sínum til að klára.  
Þegar hann klárast brenna stjörnurnar til sára,  
óðar til að þjóta niður til jarða,  
en komast því miður ekki í gegnum lofthjúpin gamla

En gamanið mun alltaf kárna á enda,  
þær springa allar í sprengistjörnu seinna,  
en verða samt að halastjörnu og deyja,  
og breytast oft í hyldjúpt svarthol og segja:  
Bless ljúfa veröld, það var gott að hafa völd.  
Rétt áður en það svarta tekur við um öld.

Matthías Haukur Daníelsson  
6. bekk, Kársnesskóla

## DANSANDI TUNGLIÐ

Í himni svörtum, þar kvöldin þegja,  
dansar tunglið á ljósum degi.  
Það klæðist silkislæðum skýja,  
með blikandi hnígandi drauma að byggja.

Norðurljósín vakna, svo dularfull,  
mjúklega strjúka þau stjörnugull.  
Í litadýrð þeirra rís dansinn hægur,  
blátt, grænt og rautt, sem ósögð ævintýralægð.

Tunglið brosir, fylgir þeim í takt,  
með spor sín í ljóði, í hægri vakt.  
Þau snúast í hringi, á vetrarnótt,  
tvö dýrðleg ljós sem sameinast mjúklega í þrótt.

Það er saga sköpuð í kyrrð himins,  
þar sem myrkrið nær, ljós falla fer.  
Og við horfum þögul, frá jörðinni hér,  
þar sem dans tungls og norðurljósa hjartað sker.

Gabríela Sif O. Þórhallsdóttir  
10. bekk, Lindaskóla

## JÓLANÓTT

Sit í gluggakistunni  
Með ilmandi kakóbollann  
Kveiki á kertunum  
Lít út um gluggann  
Kveikt er á jólaljósum í götunni  
Stjörnurnar glitra á himni hátt  
Úti er dimmt  
Allt er grafarkyrrt  
Nema snjókornin sem falla niður á jörðu  
Það er jólanótt.

Kristín Vala Stefánsdóttir  
10. bekk, Lindaskóla

## LÍFIÐ

Lífið er erfitt en höldum samt áfram  
Hvernig sem fer, höldum samt áfram.  
Við hlæjum, við grátum  
Við hötum, við elskum

Aldrei gefast upp þótt lífið sé erfitt  
Ekki hætta að lifa því alltaf er von  
Reyndu þitt besta og þá gerist eitthvað gott  
Því góðverk þín koma alltaf til baka.

Eva María Ríkharðsdóttir  
8. bekk, Lindaskóla

## STRÖNDIN

Ég stari út um gluggann,  
ég sé strönd.  
Krakkar leika sér  
í bláa vatninu.  
Ég stend upp,  
fer út  
og byrja að safna skeljum.

Eva Benediktsdóttir og  
Fjóla Breiðfjörð Arnþórsdóttir  
6. bekk, Salaskóla

## VON

Ég hef komið til Himindals.  
Þar sem gleði og friður dansa vals.  
Fegurðin er stórkostleg,  
ég held þú hafir aldrei séð,  
fegurð Himindals.

Jafnrétti það ríkir þar.  
Í Himindal koma allar.  
Friðardúfur á vorin.  
Verið þið öll velkomin,  
í okkar draumaland.

Inga Bríet Valberg  
6. bekk, Snælandsskóla